

Fundir og námskeið fyrir sveitarstjórn og eða starfsmenn Flóahrepps næstu tvær vikur

10. janúar klukkan 10:00 – 16:00 Hnaus , Knarrarósviti, Sólvangur og Kajakleiga á Stokkseyri

Samstarfshópur um Markaðsstofu Suðurlands 1 fulltrúi Flóahrepps.

11. janúar klukkan 9:00 Flúðir

Upplýsingafundur fyrir sveitarstjórnarmenn sem aðilar eru að UTU - skipulagsmál , samskipti við Þjóðskrá og fleira.

14. janúar klukkan 17:00

Vinnufundur sveitarstjórnar og formanns fræðslunefndar með skólastjóra Flóaskóla, húsverði og umsjónarmanni fasteigna.

15. janúar klukkan 14:00 Árnes

Samráðsfundur fulltrúa afréttarmálafélaga oddvita og sveitarstjóra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi.

17. janúar klukkan 13:00 Ráðhús Árborgar

Upplýsingafundur á vegum ráðueytis, fyrir sveitarstjórnarmenn og afréttarmálafélög Flóahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Árborgar.

17. janúar klukkan 18:00 Þingborg fundarsalur:


Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri - Upplýsingafundur fyrir sveitarstjórn Flóahrepps, forstöðumenn og lykilstarfsmenn vegna lögreglusamþykktar Suðurlands og almannavaraáætlunar sveitarfélagsins Flóahrepps.

17. janúar klukkan 19:00 – 20:30 Þingborg Litli salur

Magnús Karel Hannesson – Meiri vandi virðing - Námskeið fyrir sveitarstjórn og alla nefndarmenn í Flóahreppi.

22. janúar – Þingborg litli salur

Súpufundur - Atvinnu- og umhverfisnefnd – kynnt áfangastaðaáætlun Suðurlands



Flóahreppur, 21. desember 2018

**Flóahreppur
Þingborg
801 Selfossi**

Efni: Uppgjör vegna samstarfssamnings UMF Þjótanda við Flóahrepp vegna ársins 2018.

Ungmennafélagið Þjótandi, hér eftir nefnt Þjótandi, hefur á árinu 2018 séð um íþróttæfingar barna, ungmenna og áhugasamra í Flóahreppi.

Yngsta stig Flóaskóla hefur verið á föstudögum með æfingar í Þingborg og úti við Þjórásarver, mið- og elsta stig á miðvikudögum. Alls hafa þetta verið 113 æfingar á vor- og haustönn. Mikil aðsókn, mjög vinsælt og komast færri að en vilja. Þjálfari: Örvar Rafn Hlíðdal.

Héraðsmótin hafa verið nokkur á þessu ári og hefur Þjótandi reynt að mæta á sem flest þeirra og með ágætis árangri. Börnin eru áhugasöm og vilja vera með.

Þjótandi hefur haldið úti glímuæfingum einu sinni í viku á vor- og haustönn, ágætis aðsókn og börnin áhugasöm. Alls 30 æfingar. Þjálfarar: Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

Sumarið 2018 var að venju haldið leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6 - 12 ára í Flóahreppi. Var það mjög vel sótt og almenn ánægja meðal þátttakenda. Þjálfarar: Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

Í sumar voru haldin leikjakvöld fyrir alla aldurshópa í Þjórásarveri, voru þetta mjög vel sóttir atburðir. Sunna Skeggjadóttir hafði umsjón með leikjakvöldunum sem voru 9 talsins.

Þá voru leikjakvöld víðs vegar um Flóahrepp í umsjá Stefáns Narfa Bjarnasonar. Leikjakvöldin voru 9 talsins og fyrir alla aldurshópa. Ágætis aðsókn var á þessi kvöld.

Kostnaður við þessar æfingar er eftirfarandi:

Íþróttæfingar	kr. 611.000,-
Leikjanámskeið	kr. 24.124,-
Frjálsíþróttæfingar og leikjakvöld	kr. 61.242,-
Glímuæfingar	kr. 210.000,-
HSK mót	kr. 325.085,-
Alls	kr. 1.231.451,-

Óskast upphæð skv. samstarfssamningi lögð inn á reikning Þjótanda.

Kt. 590116-2030

Br. 0325-26-590116

Með ómetanlegum stuðningi Flóahrepps tekst Ungmennafélaginu Þjótanda að halda uppi öflugu íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og áhugasamra í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt,
Lilja Ómarsdóttir
Gjaldkeri Umf. Þjótanda



Til sveitarfélaga sem aðilar eru að héraðsskjalasafni

Reykjavík 18. desember 2018
Tilv. 1812083/1.5.4

Efni: Skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafna

Meðfylgjandi eru tvær skýrslur sem unnar eru úr eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands með starfsemi héraðsskjalasafna sem fram fór á árinu 2017.

Í fyrsta lagi er skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafnsins sem sveitarfélagið er aðili að. Í upphafi skýrslunnar er að finna inngang, meginniðurstöður og athugasemdir Þjóðskjalasafns við starfsemi héraðsskjalasafnsins. Þess er óskað rekstraraðilar héraðsskjalasafnsins bregðist við athugasemdum um starfsemina og sendi Þjóðskjalasafni Íslands fyrir 31. október 2019 tímasetta áætlun um hvernig staðið verði að úrbótum.

Í öðru lagi fylgir með heildarskýrsla með samanteknum niðurstöðum um starfsemi allra 20 héraðsskjalasafna sem í landinu starfa. Vakin er athygli á köflum 2 og 3 en þar er að finna meginniðurstöður um starfsemi héraðsskjalasafna og tillögur til úrbóta. Ljóst er að starfsemi héraðsskjalasafna er víða áfátt. Hvatt er til þess að sveitarstjórnarstigið í samstarfi við ríkisvaldið skoði málaflokkinn í heild sinni og leiti heildstæðra lausna.

Virðingarfyllst,

Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalavörður

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Eydís Þ. Indriðadóttir
Sent: 20. desember 2018 09:39
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Nafngift "Hnausholt" - sjá bókun

Til útpr.

From: Elísabet Dröfn Erlingsdóttir <elisabet@utu.is>
Sent: 20. desember 2018 09:37
To: Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>
Subject: RE: Nafngift "Hnausholt" - sjá bókun

Sæl Eydís

Varðandi heitið Hnausholt þá eru engar athugasemdir gerðar við nafnið. Það er ekki til á 801 svæðinu og „holt“ lýsir landslagi landsins skv. umsækjanda.

Ég mun breyta heiti landsins skv. samþykkt sveitarstjórnar og læt umsækjanda vita.

*Með kveðju,
Elísabet*

Elísabet Dröfn Erlingsdóttir
Aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Dalbraut 12, 840 Laugarvatni
Netfang: elisabet@utu.is
Vefsíða: www.utu.is

From: Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>
Sent: fimmtudagur, 8. nóvember 2018 13:55
To: Rúnar Guðmundsson <runar@utu.is>
Subject: Nafngift "Hnausholt" - sjá bókun

Til Skipulagsfulltrúa Uppsveita

Erindi Martin L. Andersen og Ernu Jónsdóttur beiðni um umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps vegna stofnunar lögbýlis í Hnausi landi 2 í Flóahreppi var afgreitt á 211. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 07.11.2018.

Eftirfarandi var bókað:

„Hnaus land 2 „Hnausholt“ – Erindi frá Martin L. Andersen og Ernu Jónsdóttur

Lagt fram erindi frá Martin L. Andersen og Ernu Jónsdóttur Hnausi landi 2 í Flóahreppi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna umsóknar um stofnun lögbýlis á Hnausi landi 2. Áform landeigenda er að stunda á býlinu skógrækt og garðrækt.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlis að Hnausi landi 2

Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Einnig er í erindinu óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til nafnsins „Hnausholt“ á býlið.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við nafnið en vísar erindinu til skipulagsfulltrúa til umsagnar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.“*

Er það gert hér með.

F.h. Flóahrepps

*Eydís Þ. Indriðadóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps*

Flóahreppur

Þingborg

800 Selfoss

www.floahreppur.is

floahreppur@floahreppur.is

Sími: 480 4370



SÝSLUMENN

Tilkynning um að starfsemi sé hætt

skv. rekstrarleyfi útgefnu skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

Undirritaður handhafi leyfis til að reka veitinga- og/eða gististað að

Mekunhraun 6 . 801 Seljavík
staður / gæta sveitarfélag

sem gefið var út 26 maí 2016 lýsi því hér með yfir
dags. mán. ár

að starfsemi skv. leyfinu var / verður hætt 31 desember 2018
dags. mán. ár

Eintak leyfisbréfsins (hakið við það sem við á):

fylgir bréfi þessu.

verður skilað leyfisveitanda við lok starfsemi.

Athugasemdir: Mun sækja um heimagerðingja
leyfi ári 2019

Ragnvör 27.12.2018
Staður Dags.

Eyvindur Þor Jónsson
undirritun

Úr 2. mgr. 12. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi er fyrir samkvæmt lögum þessum eða hyggist leyfishafi hætta hinni leyfisskyldu starfsemi skal það tilkynnt leyfisveitanda án tafar. Leyfishafi ber ábyrgð á rekstrinum þar til slík tilkynning hefur borist leyfisveitanda en nýr aðili sem við rekstrinum tekur frá þeim tíma og skal hann þegar í stað sækja um nýtt rekstrarleyfi.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Heimilisfang
Hafnarbraut 36

Póstfang
780 HÖFN

sími
4582800

Bréfasími
4781366

Leyfisbréf

Rekstrarleyfi

Leyfishafi:

Guðni Þór Jónsson, kt. 141059-3359, Naustabryggju 14, 110 Reykjavík - 10.

Staður:

Merkurhraun 6, kt. 141059-3359, VSK: 124196, Merkurhraun 6, 801 Selfoss.

Ábyrgðarmaður:

Guðni Þór Jónsson kt. 141059-3359.

Leyfisveiting:


Þar sem umsækjandi uppfyllir skilyrði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 585/2007 er hér með veitt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II.

Leyfishafa ber að framfylgja reglum um búnað gististaða skv. II. kafla reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Athugasemdir og skilyrði

Hámarksfjöldi gesta: 7

Leyfi þetta gildir til: **26.05.2020**



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

26.05.2016

e.u

Egill Marteinn Benediktsson

Gjald kr. 24000

Nýtt leyfi - Gististaður: Flokkur II kr: 24000

Greitt

LG-REK-010273



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Flóahreppur
v/ Félagsheimilið Þjósárver
Þingborg
801 SELFOSS**

Selfossi, 5. desember 2018

1502044HS RFJ

Efni: Eftirlit í Félagsheimilið Þjósárver 2018

Þann 4. desember sl. fór Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í reglubundið eftirlit í Félagsheimilið Þjósárver.

Við eftirlitið var heilbrigðisfulltrúa tjáð að til stæði að fara í málningarvinnu innandyrna í húsnæðinu. Því eru ekki gerðar athugasemdir við það enda svo litið á að ofangreint sé í ferli hjá sveitarfélaginu.

Athugið að tilvísunarnúmer eiga við skoðunarhandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, skoðun almennra matvælafyrirtækja, sem hægt er að nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is. Vakin er athygli á að gerður er greinarmunur á athugasemdum hvort þær eru frávik (F) eða alvarlegt frávik (A).

Á þeim liðum sem ekki eru merktir með númerum vísa athugasemdirnar í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

1. Félagsmiðstöð unglinga:
 - a. Taka skal upp dót af gólfum.
 - b. Ganga frá rafmagnsvir sem stendur út úr vegg.
 - c. Endurnýja skal útidýrahurð við inngang í félagsmiðstöðina.
 - d. Búið er að fylla rafmagnsherbergi af dýnum. Hér inni skulu einungis vera hlutir sem tilheyra rafmagnsrýminu.
 - e. Loka þarf gati í vegg/gólfu fyrir innan útidýrahurð.
2. Endurnýja skal ísskáp við bar.
3. Eldhús: Veggir þarfnast viðhalds, þar sem sprungur hafa myndast í þeim. (3.1.2) (F).
4. Ræstiefni skulu geymd í læstu rými.
5. Ruslafata með loki skal vera inni á öllum salernisklefum.
6. Veggur inni á snyrtingu kvenna þarfnast viðhalds.



7. Búningsaðstaða í kjallara: veggir þarfnast viðhalds/málningar eftir rakaskemmdir.
8. Verja (mála/lakka) skal óvarið timbur inni á salernisaðstöðu fatlaðra.
9. Gólflista vantar í anddyri.

Bent er á að um ítrekaðar athugasemdir er að ræða í liðum nr. 1a, 1b, 2, 3, 4, 5, 6 og 7 samanber bréf dagsett 8. janúar 2018, 22. nóvember 2016 og 13. febrúar 2015.

Farið er fram á að úrbætur á ofangreindum athugasemdum hefjist nú þegar og verði að fullu lokið innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Sjái rekstraraðili ekki fram á að geta lokið umfangsmeiri úrbótum innan ofangreinds tímaramma, skal hann senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skriflega tímasetta framkvæmdaáætlun, þar sem tilgreint er hvenær viðkomandi úrbótum verður lokið, áður en ofangreindur frestur rennur út.


Vísað er í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 93/1995 um matvæli msbr., reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Fyrirtæki skal bregðast við þeim athugasemdum sem eru gerðar í skoðun. Ef ekki er brugðist við alvarlegum frávikum innan tilskilins frests fer af stað ferli sem getur leitt til sviptingar starfsleyfis, sbr. 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli msbr.

Athygli er vakin á því að skv. flokkun og eftirlitsáætlun hefur fyrirtækið fengið reglubundið eftirlit. Eftirfylgniferðir eða úttektir vegna úrbóta og athugasemda greiðast því skv. tímagjaldi viðkomandi fyrirtækjaflokks. Sama á við ef endurtaka þarf sýnatöku vegna ófullnægjandi niðurstaðna.

Hafi fyrirtækið einhverjar athugasemdir fram að færa við ofangreint, óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Austurvegi 65, Selfossi, innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent á:
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri floahreppur@floahreppur.is
Brynjar Jón Stefánsson, Umsjónarmaður fasteigna, brynjar@floahreppur.is
Óskar Arillússon, Húsvörður – oskar@floaskoli.is

Verkefni sveitarstjóra í desember 2018

- Samskiptavinna á skrifstofu, tölvupóstar, símtöl og samskipti við starfsmenn
- Heimsókn í Grímsnes og Grafningshrepps vegna 20 ára afmælis sveitarfélagsins
- Kyndlaganga með Flóaskóla og ávarp í Villingaholtskirkju
- Undirbúningur og boðun sveitarstjórnarfundar útsending fundargagna og drög að fundargerð unnin
- Sveitarstjórnarfundur og úrvinnsla á afgreiðslum fundarins, samskipti og erindi
- Gagnaöflun og samskipti
- Viðtal við stjórnarsýsluendurskoðanda o.fl. tengt endurskoðun stjórnarsýslu og bókhalds.
- Frágangur vegna fjárhagsáætlunar
- Gjaldskrár samskipti við Heilbrigðisnefnd og B-deild Stjórnartíðinda
- Vinnufundur sveitarstjórnar
- Verkfundur og samskipta vinna vegna Flóaljóss
- Fundir með húsvörðum og skólastjórnendum
- Áramótavinnslur vegna innheimtu
- Skrif í Áveitu
- Heimasiða Flóahrepps – uppfærsla og gagnaöflun
- Fundargögn vegna SF_214.